

**Ed.**

**619. Nefndarálit**

[160. mál]

um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin fjallaði um frv. í samvinnu við nefnd Nd.

Í nefndinni komu fram ýmsar efasemdir um ýmis ákvæði frumvarpsins og ábendingar um viðbótarákvæði. Þótt einstakir nefndarmenn telji að nauðsynlegt hefði verið að taka frv. til gagngerðrar endurskoðunar er nefndin sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt, enda verði unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Kjartan Jóhannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson,  
form., frsm.

Lárus Jónsson,  
með fyrirvara.

Ey. Kon. Jónsson,  
með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson,  
með fyrirvara.

Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.